

***SKREIÐARBISKUPINN  
OG SVEINAR HANS***

*eða*

***FÍFLIÐ KASTAR LÖNGUM SKUGGA***

*eftir*

***Benóný Ægisson***

**SOMMARTEATER BISKOPS-ARNÖ 2003**

## Persónur

MAGNÚS bryti og vert  
 KATRÍN móðir hans  
 ÞORVARÐUR LOFTSSON íslenskur höfðingi  
 MARGRÉT VIGFÚSDÓTTIR hirðstjóra  
 ÍVAR VIGFÚSSON íslenskur höfðingi, bróðir Margrétar  
 ÞYBBINN farandleikari  
 MÖGUR farandleikari  
 JÓN GERREKSSON Skálholtsbiskup (Johannes Gerechini Lodehat)  
 ANNA kráargestur / vinnuhjú í Skálholti  
 HANS sveinn erkibiskups / Jóns Gerrekssonar  
 GUÐRÚN ölselja  
 VIGDÍS ung íslensk kona  
 WALTER SALHAM eiginmaður hennar, enskur útgerðarmaður  
 JÓN CRAXTON VILHJÁLMSOON Hólabiskup  
 ÓLAFUR illi  
 SÖGU-SMETTA kjaftakerling  
 KONA á Íslandi  
 STÚLKA á Íslandi  
 EIRÍKUR AF POMMERN konungur Norðurlanda  
 HENRY VI Englandskonungur  
 MARTINUS V páfi

## Sviðið

Leikurinn gerist á krá á Biskops-Arnö eða einhversstaðar í Svíþjóð árið 1436. Fjallað er um tímabilið 1425 - 1433 í ævi Jóns Gerrekssonar (Johannes Gerechini Lodehat) Skálholtsbiskups og berst þá leikurinn til Danmerkur, Englands og Íslands

## Helstu staðir sögunnar:

BISKOPS – ARNÖ: Sumardvalarstaður Uppsalabiskupa  
 LYNN: Hafnarbær í Englandi  
 ÞINGVELLIR: Aðalþingstaður Íslendinga  
 SKALHOLT: Biskupssetur fyrir Suður-Ísland  
 HÓLAR: Biskupssetur fyrir Norður-Ísland  
 KIRKJUBÓL: Bær Ívars Vigfússonar  
 MÖÐRUVELLIR: Bær Þorvarðar Loftssonar

## 1. UPPHAFSSÖNGUR

MAGNÚS

Velkomin já velkomin  
vor leikur fram nú vex

HANS

við ferðumst fljótt í tímanum  
til fjórtán þrjátíu og sex

KATRÍN og GUÐRÚN

Allt var öðruvísi þá  
og enginn átti síma

ANNA (etv parlando)

(vinsamlegast slökkvið á  
meðan við erum að sýna)

MAGNÚS

Þá var yfirvaldið þýskt  
við þáðum af páfanum trú

HANS og ANNA

en það er eitt sem er alveg víst  
að ölið var jafngott og nú

MAGNÚS

Velkomin já komið inn  
á krána Biskupssveina

KATRÍN og GUÐRÚN

við erum góðar og glaðsinna  
og göngum hér um beina

ALLIR

Hér syngjum við í sólinni  
sem sendir okkur kossa  
eða rekjum ykkur raunirnar  
og regnið bara fossar  
Vor sag´er um hatur og grimma hefnd  
hetjudáðir og svik  
við segjum frá ástum og örlögum  
eftir eitt augnablik

## 2. BISKOPS-ARNÖ (1436)

*Krá á Biskops-Arnö eða einhverstaðar í Svíþjóð árið 1436. Gestir sitja við drykkju.*

HANS

Komdu með öl og það strax!

ANNA

Já, og reyndu nú að hreyfa einusinni á þér rassinn.

GUÐRÚN

Hvaða æðibunugangur er þetta?

HANS

Erkibiskupnum þóknaðist að minnka brennivínsskammtinn okkar. Nú fæ ég ekki nema hálfpott svo ég verð að koma hingað og drekka fyrir eigin reikning til að fá tilveruna til að rísa. Öðru vísi mér áður brá, þegar ég reið með Engelbrecht.

GUÐRÚN *lágt*

O, ætli hann hafi riðið mikið.

ANNA

Sýndu tilhlýðilega virðingu stelpuðra. Hans hérna, er sönn hetja. Ef hann hefði verið með honum Engelbrecht í vor þá hefðu þeir alls ekki náð honum.

HANS

Út og suður kerli mín. Við riðum um allt Svíaríki og stóðst ekkert fyrir okkur Engelbrecht. Húsbóndi minn ætti að muna það, að hann hefði aldrei fengið embættið ef við Engelbrecht hefðum ekki bolað Eiríki frá völdum. Í stað þess að launa mér með því að minnka skammtinn minn ætti hann að tvöfalda hann.

GUÐRÚN

Og gæti herrann þá hangið á hestinum?

HANS

Enginn með fullu viti situr hest ófullur. Upp úr því hefst ekkert nema rassæri.

GUÐRÚN

Já, ég skal segja ykkur það.

HANS

Sæktu öl, stelpugæs!

*GUÐRÚN fer.*

ANNA

Verst að hún skuli vera svona heimsk. Eins og hún er myndarleg til munns og handa. En maður heyrir vindinn gnauða í höfðinu á henni.

HANS  
Allar eruð þið eins.

ANNA  
Ekki þó ég.

HANS  
Hver ert þú aftur?

ANNA  
Æ, manstu ekki eftir henni Önnu þinni? Þú mundir það vel í nótt.

HANS  
Kvenfólk er ekki sérstaklega minnisstætt. Ekki nema þá... Hver kemur þarna?

*VIGDÍS og WALTER SALHAM koma inn.*

ANNA  
Þetta eru höfðingjar. Líkast til frá Stokkhólmi eða Uppsölum.

*GUÐRÚN kemur tilbaka með ölið sem hún færir HANS og ÖNNU. Hneigir sig fyrir VIGDÍSI og WALTER.*

WALTER  
Mig og konu mína vantar gistingu í nótt.

GUÐRÚN  
Ég skal sækja húsmóðurina.  
*Fer*

VIGDÍS  
Ertu viss um að það sé hérna?

WALTER  
Svo var mér sagt.

*HANS stendur upp og gengur til þeirra.*

HANS  
Hans Svensson heiti ég, til þjónustu reiðubúinn.

WALTER  
Walter Salham, og þetta er konan mín.

HANS  
Ákaflega hrífandi. Eruð þið ein á ferð?

WALTER  
Já.

*KATRÍN kemur inn.*

HANS

Það eru viðsjárverðir tímar. Bestu synir landsins vegnir úr launsátri og afsettir kóngar stunda sjórán frá Gotlandi. En ég er fátækur ærukær riddari og hef ekkert að bjóða nema heiður minn og sverð.

KATRÍN

Þið vilduð fá gistingu?

WALTER

Já. Eruð þér húsmóðir hér?

KATRÍN

Sonur minn á þessa krá og maður reynir að hjálpa til þó maður sé mesti ræfill. Hvaðan ber ykkur að?

WALTER

Við erum á leið til Stokkhólms í viðskiptaerindum.

HANS

Til Stokkhólms? Ég þekki leiðina eins og handarbakið á mér.

WALTER

Færið okkur vín að drekka. Og krús af öli fyrir þennan herra.

KATRÍN

Að sjálfsögðu herra.

*Gefur Guðrúnu merki*

HANS

Guðlaun!

*Sest aftur við borðið hjá Önnu*

KATRÍN

Þið skuluð ekki taka mark á þessu fordrukkna fífl. Það er bara þrennt sem þessir karlar geta og það er að éta og drekka og það þriðja má ekki nefna. Ef ykkur vantar fylgd til Stokkhólms getur hann Magnús minn útvegað ykkur hana.

*Farandleikararnir og tónlistarmennirnir koma inn með PYBBIN OG MÖGRU í fararbroddi. Þau fara um með fettum og brettum, kasta boltum, steypa sér kollhnís og þessháttar.*

HANS *stendur upp*

Hægan hægan. Hvaða læti eru þetta? Getur maður hvergi fengið að klára kollu af öli í friði fyrir einhverjum fíflalátum.

PYBBINN

Ágæti herra, þó þessi fagri staður væri fullur af fíflum myndi ég leggja starfsheiður minn að veði um að þeim hefur ekkert fjölgað eftir að við komum hingað.

MÖGUR

Vanti þig fífl til að halda úti ófriði við öldrykkjuna þá verðurðu að leita eitthvað annað.

ÞYBBINN

Þó margir leikarar haldi úti dáraskap og spói þá gerum við það ekki. Við erum listamenn. Ég heiti Þybbinn og er glaður og ánægður eins og allir menn sem eru vel í holdum. Félagi minn heitir hinsvegar Mögur og eins og þið sjáið á hún langt í land með að ná jafnákjósanlegu líkamsástandi og ég enda berst ég löngum stundum hetjulegri baráttu við þunglyndið í henni.

MÖGUR

Og fyrir örlítinn bita og örfáa sopa munum við halda uppi sagnaskemmtun fram á rauðanótt.

KATRÍN

Þið megið ekki trufla gestina mína.

VIGDÍS

Leyfðu þeim að vera. Það er bara gaman að þeim.

KATRÍN

Jæja þá. Fyrst gestunum er sama.

HANS

Er ég ekki gestur hérna líka?

GUÐRÚN

Þú ert ekki gestur. Þú ert húsgagn.

MÖGUR

En hvernig sögu viljið þið heyra? Á hún að vera gamansaga með sorglegu ívafi eða sorgarsaga með gamansömu ívafi. Segið til.

ÞYBBINN

Á ég að segja ykkur söguna um manninn sem reri til fiskjar og fann fengsæl mið? Hann merkti staðinn með því að skera kross í borðstokkinn svo hann gæti fundið hann aftur.

ANNA

Já. Segðu okkur hana.

MÖGUR

Því miður sökk báturinn á leiðinni í land svo hann fann miðin aldrei aftur. Þannig að það varð lítið úr þessari sögu.

ÞYBBINN

Eins og þið sjáið af þessu litla dæmi er það grundvallaratriði að hafa eitthvað söguefni. Með öðrum orðum, um hvað á sagan að fjalla?

GUÐRÚN

Um fórnfúsa eilífa ást.

HANS

Um hetjudáðir og ótímabæran dauða.

ANNA

Um hræðileg leyndarmál og svik sem komast upp um síðir.

HANS

Og mikið af slagsmálum.

GUÐRÚN

Um fantinn sem fær makleg málagjöld.

KATRÍN

Um göfuga hetju sem giftist stúlku á lágum stigum af einskærri ást.

MÖGUR

Eigum við að segja söguna um prinsessu í álögum og um karlsson sem fer út í heim og sigrar hann þrátt fyrir óteljandi hindranir og hættur. Er það þannig saga sem þið viljið?

KATRÍN

Já. Kanntu þannig sögu?

MÖGUR

Nei. Því miður

ÞYBBINN

En við kunnum hina stórmerkilegu sögu um Johannes Gerechini Lodehat sem var vinur konungsins og erkibiskup í Uppsölum og bjó hér einusinni.

GUÐRÚN

Við höfum öll heyrt um Jón Gerreksson. Það er gömul saga.

KATRÍN

Það er aldrei ofmælt um erkibiskupinn. Það var mætur maður.

ÞYBBINN

Hafiði heyrt frá því þegar biskupinn sigldi til þess skelfilega lands, Íslands, sem hýsir hlið Helvítis, og mætti þar endalokum sínum?

ANNA

Nei.



ÞYBBINN

Hafið þið heyrt um ævintýri hans á Íslandi þar sem enginn matur þykir góður nema hann sé grænn af ýldu og myglu en sérstakur herramannsmatur þykir þó hákarlskjöt sem miði er yfir áður en það er látið úldna? Hafið þið heyrt um það?

HANS

Nei, það höfum við ekki.

MÖGUR

Þá höfum við sögu eins og sögur gerast bestar, kunnuglega en þó hafið þið ekki heyrt hana áður.

*Þögn*

Á Íslandi hafði erkibiskupinn sæli útsýni yfir eldfjallið Heklu en upp hlíðar þess ganga sálir fordæmdra og steypast síðan niður um gíginn til helvítis sem fullt er af höggormum og eiturpöddum sem nærast á brennisteini í eilífum logum hins vonða.

KATRÍN

Ég vil ekki heyra neinn lygaþvætting um erkibiskupinn sáluga.

ÞYBBINN

Sagt er að vitur maður hafi sagt einusinni: Lygi á að vera stór. Lygi, pönnukökur og kjötbollur eiga að vera stórar annars skipta þær engu máli. En ég segi: Ef þessi maður er vitur þá er rassinn á mér það líka. Þegar ég segi sögu reyni ég ætíð að hafa það sem sannast reynist nema þá auðvitað þegar það er ekki hægt.

MÖGUR

Hér fær hver það sem hann á skilið. Ef menn eru góðir bíður þeirra eilíf sæla á himnum en ef þeir eru það ekki mun Guð straffa þá með leiðinlegri eiginkonu í þessu lífi.

ÞYBBINN

Saga vor hefst tuttugu árum eftir að Guði hafði þóknast að senda Íslendingum blessaða pest sem drap annan hvorn landsmann þeim til viðvörunar því hvergi er fólk syndugara en á Íslandi, karlar svallsamari og stúlkur lauslátari. Á því herrans ári 1425 burtkallaðist biskupinn í Skálholti í Danmörku og illgjarnar tungur héldu því fram að honum hefði verið hjálpað yfir móðuna miklu því hann hafi verið of hallur undir þá ensku en það er önnur saga. Okkar saga hefst hinsvegar á því að hinn allranáðugasti og voldugasti þjóðhöfðingi Eiríkur af Pommern, konungur Danmerkur, Svíþjóðar og Noregs og þar með einnig útkjálkanna Íslands, Færeyja, Grænlands og Finnlands, sannur fóstri guðs kirkju, verndari menntagyðjanna og sérstakur velgerðarmaður alþýðunnar og..

HANS

Sá andskotans uppskafningur og ..

KATRÍN

Þegiðu Hans!

ÞYBBINN

... og hans vinur og ráðgjafi Johannes Gerechini Lodehat fyrrum erkibiskup í Uppsölum sitja tété a tété í höllu konungs í Danaveldi.

### 3. KAUPMANNAHÖFN (1425)

*JÓN GERREKSSON kemur inn en EIRÍKUR konungur er hvergi sjáanlegur.  
JÓN bíður, skimar í kringum sig, verður vandræðalegur.*

JÓN

Mig fýsir mjög að heyra hversvegna þú hefur boðað mig á þinn fund konungur minn.

*Þögn*

Ég sagði: Mig fýsir mjög að heyra hversvegna þú hefur boðað mig á þinn fund.

*Þögn*

Samræða okkar verður hálfvandræðaleg þegar þú ert fjarri konungur minn.

*Þögn. Hærra*

Mig fýsir mjög að heyra hversvegna þú hefur boðað mig á þinn fund

*Þögn*

MÖGUR *hvíslar*

Þybbinn.

ÞYBBINN *hvíslar á mót*

Já.

MÖGUR *hvíslar*

Hver á að leika kónginn?

ÞYBBINN

Kónginn? Já auðvitað! Ætli það sé ekki best að ég leiki hann. Enginn hér er jafnkonunglega vaxinn og ég.

JÓN

Mig fýsir mjög að heyra hversvegna þú hefur boðað mig á þinn fund konungur minn.

EIRÍKUR / ÞYBBINN

Allt er í tómrri tjöru í Danaveldi minn fíni vinur. Nú þarf ég á hjálp þinni að halda.

JÓN

Ég er þinn auðmjúkur þjónn kæri vinur. Hvað viltu að ég geri?

EIRÍKUR

Ég á eyju norður í höfum sem heitir Ísland.

JÓN

Ég hef heyrt þess ólands getið.

**EIRÍKUR**

Fátt gott er sagt af þessu landi. En hvergi á jarðríki er dreginn jafnmikill fiskur úr sjó og þar, því landsmenn hafa þúka og anda í þjónustu sinni og djöfullinn vekur þá til veiða á næturnar. Í þessu landi á ég sjálfur auðugustu verstöðina og mér ber skattur af öllum þeim fiski sem þarna er dreginn. Biskupinn á suðurlandinu var einnig hirðstjóri minn en honum, eins og öðrum Íslendingum, fannst sjálfsagt að svíkja útlendinga svo hann hafði sukkað burt öllum skattpeningunum og skuldaði mér 3000 enskar nóbílur þegar hann drapst en það veist þú allt um. Ég þarf að senda þangað mann sem ég get treyst.

**JÓN**

Ef þér þóknast að gera mig að fiskkaupmanni þá verður svo að vera.

**EIRÍKUR**

Þeir ensku sitja um eyjuna og kaupa upp allan fisk sem þeir komast yfir og ég fæ ekki krónu. Nú hafa þeir komið enskum manni í biskupsstólinn fyrir norðan og hann hagar sér eins og fiskkaupmaður en ekki andlegur hirðir. Þetta verður að stöðva.

**JÓN**

Með hvaða umboð viltu að ég fari?

**EIRÍKUR**

Þú verður hirðstjóri minn. Og biskup í Skálholti. Það er ágæt byrjun fyrir þig. Ef allt gengur vel útvega ég þér betra biskupsdæmi.

**JÓN**

Biskup? En það er ómögulegt. Páfinn...

**EIRÍKUR**

Ég hef skrifað páfanum um þín mál og ég vænti svars á hverri stundu.

**ÞYBBINN *hvíslar***

Vert þú páfinn, Mögur.

*MÖGUR tekur á sig gerfi MARTINUSAR V. páfa í Róm*

**MARTÍNUS V. / MÖGUR**

Anno domini 1422 úrskurðuðum vér, Martinus V. páfi í Róm, téðan Johannes Gerechini óhæfan til að gegna klerklegri þjónustu vegna ávirðinga sinna er hann var erkibiskup í Uppsölum og meðal annars var hann lýstur margfaldur brotamaður við skírlífisreglur kirkjunnar.

*EIRÍKUR réttir MARTÍNUSI peningapung*

**MARTÍNUS V.**

Vér höfum heyrt að téður Jóhannes hafi ekki annað fyrir sig að leggja en það sem vinir hans láta honum í té. Þar sem hann hefur nú gjört góða iðrun og bætt ráð sitt hefur Eiríkur konungur af Pommern lagt fram ósk um að hann verði gerður biskup á Íslandi. Biskupsdæmi þetta er langt norður í hafi, og þar er ekki fyrir miklu góssi að ráða. Óland þetta er byggt fátækum óþjóðalýð og skiptir því litlu hver er hirðir

þjóðarinnar. Því höfum vér ákveðið af miskunn okkar að veita hinum fallna bróður uppreisn æru og veita honum Skálholtsbiskupsdæmi.

JÓN

Þarf ég að búa þarna norðurfrá?

EIRÍKUR

Þú verður í það minnsta að skreppa þangað og ná af þeim sköttunum en fyrst verð ég að senda þig til Englands að tala við stubbinn hann Henry, bróðurson hennar Filippu minnar. Segðu honum að hún sé alveg brjáluð út af þessum sjóræningjum hans.

JÓN

Ég skal segja honum það.

EIRÍKUR

Hann verður að stöðva þennan lýð sinn, þeir hafa tvisvar ráðist á konungsgarðinn á Bessastöðum og í seinna skiptið tóku þeir hirðstjórann með sér til Englands. Svo eru íslensku höfðingjarnir heimskulega auðgintir með drykk og mútum en ef þeir vilja ekki versla þá hóta þeir ensku ránum á skreið. Þeir eyða héruð, brenna kirkjur og ræna messuklæðum, klukkum, sauðum, nautum og fólki. Hann Henry verður barasta að banna þeim að sigla þarna norður.

JÓN

Ég skal segja honum það.

EIRÍKUR

Segðu honum að ef hann geri það ekki þá hækki ég Eyrarsundstollana. Nei, segðu honum að ég loki sundinu. Segðu honum að hann geti valið á milli þess að sigla til Íslands eða hafa aðgang að Eystrasaltinu. Sjáum til hvað hann segir við því.

JÓN

Ég efast um að hann segi mikið. Hann jú bara þriggja.

SÖNGUR

Sigldi biskup síðan brott  
sára lítið glaður var  
Gerreksson með fríðan flokk  
á farskipi um enskan mar  
Kemur hann til kónsins Lynn  
kaupmenn til að hitta þar  
kemur hann til kónsins Lynn  
og krefur þá um svar

JÓN

Ég hef heyrt að ellefu ánauðug börn sem rænt hefur verið af Íslandi hafi fundist hér í Lynn. Er þetta rétt?

WALTER

Það má vera að eitthvað af börnum og unglungum hafi slæðst með.

JÓN

Ég er hingað kominn til að sjá til þess að þau komist heim.

WALTER

Ég er hræddur um að það verði til lítils því þau koma þá fljótlega aftur. Íslendingar selja hunda sína dýru verði en gefa börn sín útlendingum svo þau fái brauð en það er ekki til í landinu heldur borða þeir úldinn ósaltan fisk og með honum hárugt smjör.

JÓN

Hefur þú komið til Íslands?

WALTER

Oft, herra biskup.

JÓN

Segðu mér meira af landinu og þjóðinni.

WALTER

Húsin eru í jörðu niðri og sofa allir í einni flatsæng, karlar og konur, og hrjóta og freta eins og svín undir einni vaðmálsábreiðu. Karlarnir liggja lúsugir í rúminu og tefla á veturna og vinnufólkið eða börnin þurfa að færa þeim mat. Þá er alltaf dimmt og vinnumennirnir verða að fara út í eilífa nóttina til að leita að sjálfdauðum kindum og úldnum fiski sem bændurnir rífa síðan í sig.

JÓN

Ég hef heyrt að drykkjur séu miklar á Íslandi.

WALTER

Íslendingar drekka meðan eitthvað er til og þegar þeir drekka gengur enginn undan borðum sem þarf að kasta af sér vatni heldur standa stúlkur og húsfreyjur með næturgagnið og rétta þeim sem þarf. Að morgni þvo þeir munn og höfuð hóflega uppúr því sem í næturgagninu er.

JÓN

Ég hef líka heyrt að konur séu fríðar á Íslandi.

WALTER

Það er rétt og þegar Íslendingar fara í kaupstað bjóða þeir fram dætur sínar til einnar nætur gamans fyrir brauð, kex eða aðra smámuni. Ef stúlka á mök við Englendinga nýtur hún meiri virðingar og verður eftirsótt af fleiri biðlum enda þykir hórdómur og frillulíf sjálfsagt á Íslandi. Meira að segja alþingi hefur samþykkt að hver ógift stúlka megi eiga sex börn í lausaleik án þess að bíða tjón á mannorði sínu.

MÖGUR

Og þar sem Jón Gerreksson býr sig undir að sigla til þessa skelfilega lands tekur honum sárt að vera orðinn andlegur hirðir slíks hyskis. En þegar hann hefur lokið við að semja við Englakóng um að banna þegnum sínum Íslandssiglingar er honum ekkert að vanbúnaði. Ef til vill þykir honum ekki alvont það sem hann hefur heyrt um íslenskt kvenfólk því eins og allir vita forsmáði biskupinn ekki holdsins lystisemdir.

#### 4. BISKOPS-ARNÖ (1436)

*MAGNÚS hefur komið inn í 3. atriði og fylgst agndofa með leikurunum en nú getur hann ekki orða bundist*

MAGNÚS

Hættið! Hættið þessu apaspili strax!

ÞYBBINN

Hver er maðurinn? Hefur hann vald til að spilla sögunni um Johannes Gerechini Lodehat sem var vinur konungsins, erkibiskup í Uppsölum og biskup í Skálholti.

MAGNÚS

Magnús heiti ég og á þessa krá, svo þú skalt bara hafa þig hægan.

*Við KATRÍN*

Mamma, leyfðir þú þessi fíflalæti? Leyfir þú að svona sé talað um Jón?

KATRÍN

Gestirnir vildu þetta. En ég leyfði ekki...

HANS

Já leyfðu okkur að heyra söguna maður.

MAGNÚS

Ég leyfi ekki slíka lygaþvælu í mínum húsum og allrasíst um jafnmætan mann og Jón Gerreksson. Rustar eins og þið getið ekki skilið slíkan mann.

ÞYBBINN

Við höfum ekki logið neinu. Allt sem við höfum sagt höfum við eftir sannsöglum og lærðum mönnum.

MAGNÚS

Það var alls ekki svona. Og Ísland er ekki eins og þið lýsið því.

MÖGUR

Er það ekki? Hvernig veistu það? Hefurðu verið á Íslandi?

MAGNÚS

Jú það hef ég. Og í þjónustu þessa manns sem þið haldið fram að hafi fengið biskupsembætti með mútum og vegna vinfengis við konung en ekki vegna mannkosta sinna. Þið gefið líka í skyn að hann hafi verið hórkarl og hafi drepið fyrirrennara sinn.

MÖGUR

Fjarri er því að við myndum bera slíkar sakir á fyrrum erkibiskup, nánast heilagan mann. Varst þú með Jóni Gerrekssyni á Íslandi?

MAGNÚS

Ég var bryti hans og foringi liðs hans.

ÞYBBINN

Hér ber vel í veiði, Mögur. Við höfum þegar sýnt fram á að ekki er hægt að segja sögu án þess að hafa söguefni. En hér er komin upp önnur spurning um eðli sögunnar: Er sannleikurinn nauðsynlegur þáttur í frásögn?

MÖGUR

Sáraónauðsynlegur myndi ég segja, bróðir.

ÞYBBINN

Nú því þá það, systir góð?

MÖGUR

Nú! Í fyrstalagi: Er sönn saga skemmtilegri en login? Ekki er það svo og samkvæmt minni reynslu reynist oft nauðsynlegt að krydda sögur með dálítilli lygi til að gera þær skemmtilegar. Í öðrulagi: Eru sannar sögur trúverðugari en lognar? Því er til að svara að oft hefur verið logið á skemmri leið en frá Betlehem til Biskops-Arnö en samt kemur það ekki í veg fyrir að við trúum öllu sem stendur í biblíunni eins og nýju neti. Í þriðjalagi...

MAGNÚS

Hættu þessari þvælu. Auðvitað á að segja sannleikann.

MÖGUR

Ég sagði aldrei að það ætti ekki að segja sannleikann.

MAGNÚS

Þú sagðir...

ÞYBBINN

Það er tvennt sem ekki er hægt að hætta í miðju kafi: Ástarleikir og sögur. Setjum sem svo að hjón séu í miðjum ástarleik og frúin man allt í einu eftir því að hún á eftir að taka inn þvottinn. Er bóndinn líklegur til að hætta að hlýða kalli náttúrunnar og hleypa henni út?

MÖGUR

Það er af og frá. Og ef áheyrendur verða fangnir af sögu en eru sviptir sögulokunum munu þeir leita þau uppi og ef til vill hjá vafasamari aðilum en okkur og hvað er þá unnið fyrir sannleikann. Ef ég mætti gerast svo djörf þá vil ég koma með þá tillögu að sögunni verði haldið áfram en til að sannleikanum verði þjónað munum við hér eftir beygja okkur undir vilja þeirra sem urðu vitni að þessum atburðum. Er það ásættanlegt?

VIGDÍS

Já. Það líst mér vel á.

GUÐRÚN

Já. Áfram með söguna.

KATRÍN

Hvað segir þú um það Maggi minn?

MAGNÚS

Ég veit ekki mamma...

MÖGUR

Þú sleppir ekki tækifærinu til að vera helsti fulltrúi sannleikans á þinni eigin krá, er það nokkuð?

MAGNÚS

Allt í lagi. Höldum þá áfram.

MÖGUR

Jón Gerreksson siglir með liði sínu til Íslands til að verða æðsti höfðingi landsins.

## 5. ÞINGVELLIR (1430)

SÖNGUR

Biskup leggur landi að  
lítið glaður - því er verr  
er ber hann augum óland það  
angur sundur hjartað sker  
Ríður hann þó hratt til þings  
höfðingjum að kynnast gerr  
Flýtir hann sér fyrst til þings  
og fylgir honum her

SÖGU-SMETTA

Velbúinn er hann, blessaður biskupinn, þetta er þýsk tíska. Annað er að sjá klæðaburðinn á honum og liði hans en íslensku höfðingjaræflunum sem apa smekkleysið eftir þeim ensku.

STÚLKA

En hver er þessi myndarlegi maður sem stendur við hliðina á honum.

SMETTA

Við verðum að komast að því.

STÚLKA

Hvað er það sem menn gera hérna á Þingvöllum.

KONA

Menn setja lög og dæma dóma.

SMETTA

Já þeir þykjast miklir þessir andskotar. Þeir eru að styrkja samböndin.. og valdið. Sýna sig og sjá aðra, strákar að kíkja á stelpur og stelpur á stráka. Helsti fylgifiskur valdsins er greddan.



MAGNÚS

Margar ýkjusögur hafa verið sagðar um þetta land. Ég get ekki séð að fólkið hérna sé neitt frábrugðið öðru fólki. Ef eitthvað er þá er það betur klætt.

JÓN

Hér er líka samankomið allt ríkasta fólk landsins. Og hefur ekki greitt skatta í mörg ár. Við erum á réttum stað Magnús. Hefurðu fundið einhvern?

MAGNÚS

Já það hef ég.

SMETTA

Það er eins og sumir haldi að fátækar konur séu heyrnalausar. Menn tala oft óvarlega þó þær séu í grenndinni.

JÓN *réttir henni pening*

Þiggðu þetta kona góð.

SMETTA

Guð launi herra biskupnum, hann er greiðvikinn við fátækt fólk og börnunum bjargaði hann frá Englendingunum.

*Skypir*

Ég skal vera eyru biskupsins.

ÍVAR

Þarna er nýi biskupinn, hvernig líst þér á hann?

ÞYBBINN / ÞORVARÐUR

Líst á hann? Það á eftir að koma í ljós.

ÍVAR

Þér líst auðvitað betur á hana systur mína.

ÞORVARÐUR

Systur þína? Hvað áttu við?

ÍVAR

Hvað heldurðu að ég eigi við? Heldurðu að hún vilji eitthvað með þig hafa?

ÞORVARÐUR

Ég veit það ekki. Hvað heldur þú?

ÍVAR

Ég veit það ekki. Hvað heldur þú?

ÞORVARÐUR

Hvað finnst þér? Hvað myndir þú segja ef ég...

ÍVAR

Ég vil ekki sjá neina bændakurfa að norðan nálægt henni.

*Skellir upp úr þegar skelfingarsvipur kemur á andlit Þorvarðar*  
 Aumingja strákurinn! Hann á erfitt. Nei, án gamans, Þorvarður, þá gleddi mig það mjög að þú yrðir mágur minn. En þú verður að tala sjálfur við hana.

ÞORVARÐUR

Ég veit ekki hvort ég þori það.

ÍVAR

Systir mín er ekki nærri eins hrokafull og hún lítur út fyrir að vera. Þú gætir byrjað á því að bjarga henni frá biskupnum. Mér sýnist hann ætla að éta hana upptil agna.

STÚLKA

Biskupinn er glæsilegur maður þó hann sé kominn á þennan aldur.

SMETTA

Ég hef heyrt að hann fúlsi ekki við kvenfólki.

KONA

Svona talar maður ekki um biskupa. Jafnvel þó það sé satt.

SMETTA *hvísar að Magnúsi*

Þetta er dóttir Vigfúsar hirðstjóra sem...

MAGNÚS *hvísar að Jóni*

...stakk af með landssjóðinn til Englands.

JÓN

Ég hef heyrt margt um föður þinn. Kominn af Sæmundi fróða þess sem lærði í Sorbonne, eins og ég gerði reyndar sjálfur.

MÖGUR / MARGRÉT

Þú skjallar mig að þekkja til svo lítilsigldrar persónu.

JÓN

Þvert á móti. Á Íslandi er jú nauðsynlegt að kunna skil á ættum. Einkum betra fólksins.

MARGRÉT

Við erum illa menntuð þjóð og skortir þekkingu á kurteisi og hirðsiðum.

MAGNÚS

Ég væri til í að kenna ungrúnni eitt og annað.

MARGRÉT

Ert þú líka biskup?

MAGNÚS

Sama sem, ég er hans hægri hönd.

SMETTA

Kemur Ívar bróðir hennar. Hann er sami hrossabresturinn og karlinn faðir þeirra.

JÓN

Sæll ungi maður.

ÍVAR

Sælir biskup. Þetta er Þorvarður Loftsson vinur minn.

SMETTA

Sonur Lofts riddara.

JÓN

Því miður er ég ekki hirðir þinn. Einhver annar mun hafa þá ánægju.

KONA

Kemur enski biskupinn á Hólum.

SMETTA

Hann náði sér í skip um daginn. Bjargaði skipverjum frá dauða en hirti af þeim skipið að launum.

JOHN CRAXTON

Velkominn til Íslands Gerechini. Gangið í guðs friði. Ég er feginn því að hafa fengið hingað mann til að ræða kirkjuleg málefni. Gaman hefði ég af því að heyra álit þitt á kirkjuþinginu í Basel, Jóhannes.

JÓN

Við verðum að ræða það síðar því ég þarf að bera þjóðinni boð konungs.

JOHN CRAXTON

Gjaldið keisaranum það sem keisarans er

MARGRÉT

Biskupinn er afskaplega alúðlegur maður, eða hvað finnst þér Þorvarður?

ÞORVARÐUR

Mér? Mér.. mér? Ég bara..

MARGRÉT

Hann þekkir svo vel til alls hérna.

ÞPRVARÐUR

Nú? Ger.. gerir hann það?

ÍVAR *hvíslar*

Gott Þorvarður. Þú hefur örugglega heillað hana alveg upp úr skónum með þessu tilsvári.

JÓN les upp bréf Eiríks

Eiríkur, af Guðs náð, Noregs, Danmerkur og Svíaríkis konungur, hertogi yfir Pommern, sendir öllum mönnum þeim er bréf þetta heyra kveðju Guðs og sína. Fyrir oss og ráð vort er kominn sú frétt að byrjuð sé sigling þýskra og annarra útlenskra manna sem ekki eru löggiltir hér í Noregi til vorra skattlanda, Hálogalands, Finnmerkur og Íslands á móti lögum og skipun vorra foreldra og viljum vér með engu móti líða það. Því bjóðum vér öllum yfirvöldum í löndum vorum að sækja þá til réttar er þangað sigla og siglt hafa til að selja eða kaupa vörur án vors umboðs og leyfis að viðlagðri refsingu og upptöku eigna þeirra sem á móti banni voru brjóta. Gjört í Akurshúsi í 29. september 1429. Eiríkur Rex.

ÍVAR

Konungur hefur þá að engu óskir okkar um verslunarfrelsi?

JÓN

Þú efast þó ekki um rétt konungs til að ráðstafa landi sínu?

ÍVAR

Sé landið hans... Nei ég efast ekki um rétt hans.

JÓN

Það er gott.

JOHN CRAXTON við Ívar

Ég held að vor mildi herra hafi nú sýnt sitt rétta andlit.

ÍVAR

Og hefur her manns til að fylgja málum sínum eftir.

*ÍVAR og JOHN CRAXTON ganga afsíðis og ræðast við en ekki heyrast orðaskil. JÓN GERREKSSON horfir á eftir þeim og gefur SMETTU bendingu um að elta þá. MAGNÚS gengur fram á sviðið. ÞORVARÐUR og MARGRÉT verða PYBBINN OG MÖGUR.*

PYBBINN

Leist þér vel á hana

MAGNÚS.

Já. Mjög vel.

MÖGUR

Hún er falleg.

MAGNÚS

Já.

MÖGUR

Og rík er hún.

MAGNÚS  
Já það er hún.

ÞYBBINN  
En leist henni vel á þig?

MAGNÚS  
Ég hélt það. Ég vonaði það.

ÞYBBINN *tekur utan um Mögru og horfir í augu hennar*  
Eða var hún kannski ástfangin af einhverjum öðrum?

MÖGUR *kyssir hann*  
Ástin getur ekki dulist. Hún er eins og gat á svörtum sokki; maður sér það strax.

JÓN  
Magnús! Förum nú og lítum á Skálholtsstað, hin nýju heimkynni okkar.

## 6. SKÁLHOLT OG VÍÐAR (1431)

ANNA  
Jón biskup ríður í hlað..

GUÐRÚN  
..á Skálholtsstað

ANNA  
..og sveinarnir hans

GUÐRÚN  
..sem hirði ég ekki að nefna.

ANNA  
Nema þá hann Magnús..

GUÐRÚN  
..sem meyjarnar dá.

ANNA  
Ríða sveinar af stað..

GUÐRÚN  
..út og suður..

ANNA  
..inneftir og úteftir..

GUÐRÚN  
..sækja fisk uppá disk..

ANNA

..setja í skip og sigla með..

GUÐRÚN

..heimta skatt fyrir guð og kóng..

ANNA

..enginn má undan víkjast..

GUÐRÚN

..eða svíkjast um.

ANNA

Fremstur ríður Magnús..

GUÐRÚN

..sem meyjarnar dá.

BÁÐAR

Fremstur ríður Magnús sem meyjarnar dá.

HANS

Grjót! Grjót, grjót, grjót og meira grjót! Ég held að ég hafi aldrei séð jafnljótt land. Það er ekki eitt einasta tré hérna. Stöðugt gnauðið í vindinum er að gera mig vitlausan. Og þessi eilífa rigning. Þetta land er eins og það sé holdsveikt; hversvegna er fólk að setjast að í svona landi?

MAGNÚS

Fiskur! Það er ástæðan.

HANS

Fiskur! Ég hef ekki gert annað síðan ég kom hingað en að bera fisk, stafla fiski, éta fisk, skíta fiski. Mér væri sama þó ég sæi aldrei fisk frammar.

MAGNÚS

Hér er þó fallett kvenfólk. Líst þér ekkert á kvenfólkið?

HANS

Kvenfólk er allsstaðar eins þegar inn er komið.

MAGNÚS

Farðu inn í skemmuna þarna og athugaðu hvað þau fela þar. Ég tala við húsbóndann. Halló. Hér sé Guð. Er einhver heima?

KONA / KATRÍN

Guð blessi þig.

MAGNÚS

Sæktu húsbóndann!

KONA

Hann er á sjó.

MAGNÚS

Ég er hér í umboði biskups að krefja skatt fyrir Eirík konung.

KONA

Guð blessi þá báða en hér eru engir peningar til.

MAGNÚS

Við tökum þá bara fiskinn. Okkur er sama hvort er.

KONA

En þá höfum við ekkert að borða.

MAGNÚS

Veiða meira kelli mín. Veiða meira.

HANS *kemur til baka*

Þykist hún ekkert eiga kerlingin?

MAGNÚS

Nei það er mest lítið.

HANS

Skemman er full af fiski. Og tvær tunnur af öli eru þarna líka. Ensku öli.

MAGNÚS

Jæja. Er hér verslað í leyfisleysi? Við gerum þetta allt upptækt. Setjið það upp á hestana.

GUÐRÚN

Fremstur ríður Magnús..

ANNA

..sem meyjarnar dá.

GUÐRÚN

..en ekki er öllum skemmt..

ANNA

..ónei ónei ónei..

GUÐRÚN

..yfir því að fá..

ANNA

..fá hann heim á bæinn

GUÐRÚN

..skoðandi inn í skemmurnar og búrin..

ANNA

..nei ekki er öllum skemmt yfir því.

GUÐRÚN

Fremstur ríður Magnús..

ANNA

..sem meyjarnar dá.

BÁÐAR

Fremstur ríður Magnús sem meyjarnar dá.

ÍVAR

Ég hef verið beðinn um að ræða framferði sveina þinna við þig biskup.

JÓN

Hefurðu eitthvað undan þeim að kvarta?

ÍVAR

Fólki finnst þeir ganga fullhart fram í að krefja inn skattinn.

JÓN

Fólk hefur ekki greitt skatta í þau fimm ár sem enginn hirðstjóri hefur verið á landinu. Því ætti ekki að vera vorkunn.

ÍVAR

Fólk er heldur ekki vant því að erlent herlið ríði hér um sveitirnar.

JÓN

Ég hef heldur ekki orðið var við annað en að fólk sé ánægt með að ránskap Englendinga hefur linnt hérna eftir að ég kom hingað með menn mína.

ÍVAR

Rétt er það. En þeir ganga of hart fram.

JÓN

Þú hefur ekki á móti því að greiða konungi skatt er það?

ÍVAR

Ef hann stendur við sínar skuldbindingar þá stend ég við mínar.

JÓN

Skuldbindingar?

ÍVAR

Samkvæmt samningi okkar við Noregskonung á hann að sjá um að hingað komi skip með vörur fyrir landsmenn. Það koma engin skip lengur frá Noregi lengur og því



hefur fólk freistast til að versla við Englendingana. Mín skoðun er sú að konungur eigi að veita okkur verslunarfrelsi.

JÓN

Hvernig dirfist þú að efast um ákvarðanir konungs? Ert þú kannski líka í slagtogi með Englendingunum? Þú ættir ekki langt að sækja það.

ÍVAR

Ég er ekki faðir minn.

JÓN

Nei. Auðvitað ekki. Ég legg til að við fellum þetta tal. Reiðiorð eru betur ósögð.

ÍVAR

Ég kveð þá að sinni biskup en bið þig að hugleiða orð mín.

MAGNÚS

Komdu sæl. Hvað dregur þig hingað?

MARGRÉT

Bróðir minn á erindi við biskup.

MAGNÚS

Þú ættir að koma oftar. Hér verður allt miklu bjartara þegar þú ert hér.

MARGRÉT

Bjartara?

MAGNÚS

Já. Þú ljómar eins og sólin.

MARGRÉT

Eins og sólin! Það var þó skrítið að íslensk stelpa sé farin að minna á sólina.

ÍVAR

Við skulum fara.

MARGRÉT

Vertu sæll Magnús. Ég verð víst að skilja þig eftir í myrkrinu.

MAGNÚS

Vertu sæl.

## 7. BISKOPS-ARNÖ (1436)

ÞYBBINN

Allir þráum við að finna einhverja sem vill elska okkur svo mikið að við þorum að kasta grímunni og vera þeir sem við erum.

MÖGUR

Leið þér þannig Magnús?

MAGNÚS

Já.

MÖGUR

En henni?

MAGNÚS

Ég veit það ekki. Stundum fannst mér það en stundum fannst mér hún bara vera að gera grín að mér.

MÖGUR

Aumingja Magnús, ekki átti hann sjö daga sæla á Íslandi.

MAGNÚS

Það var ekki létt verk að krefja Íslendinga um skatt. Þeir eru svikulir og bera enga virðingu fyrir yfirvöldum. Þeir eru nískir, lygnir og undirförulir og oft þurftum við að beita þá hörðu til að fá þá til að hlýða okkur.

VIGDÍS

Beita þá hörðu?

MAGNÚS

Við neyddumst til þess. Sumir sátu um að svíkja undan skatti eða versla við Englendingana. Við gátum ekki látið þá komast upp með það. En það voru ekki allir svona. Við vorum líka vinsælir því við veittum vernd gegn ránum Englendinganna.

VIGDÍS

Voru þeir verri þjófur en þið?

MAGNÚS

Gættu að því hvað þú segir kona.

VIGDÍS

Voruð þið vinsælir allsstaðar? Í hverri verstöð? Á öllum bæjunum?

MAGNÚS

Hvað áttu við? Hver ert þú?

VIGDÍS

Þekkirðu mig ekki aftur Magnús? Nei, þú hefur ekki tekið eftir skítugri stelpu í Skálholti. Ambátt sem biskupinn frelsaði á Englandi og hafði með sér til Íslands.

Stelpu sem átti svo fátæka foreldra að þeir sáu þann kost vænstan að selja hana svo hún fengi að borða.

MAGNÚS

Vigdís.

VIGDÍS

Svo þú manst eftir mér. Það var gott. Verst að þú skulir muna hlutina allt öðruvísi en ég.

KATRÍN

Svo þú hefur kynnst syni mínum á Íslandi. Það var skemmtilegt. Þú hefur auðvitað þekkt biskupinn líka. Hvað þótti þér um hann?

VIGDÍS

Ég var honum þakklát fyrir frelsunina. Hann var ekki sem verstur þó hann virtist hafa átta hendur þegar hann var nálægt kvenfólki.

KATRÍN

Sjálfur biskupinn. Það getur ekki verið.

ANNA

Nei það veist þú allt um Katrín.

KATRÍN

Þú skalt ekki vera að reyna að klína einhverju á mig. Þetta er tóm lygi og vitleysa. Ég átti hann bara sjálf.

ANNA

Já, eingetinn eins og sjálft jesúbarnið.

MAGNÚS

Haltu þér saman kerling! Og þú Vigdís! Þú skalt ekki vera með neinar dylgjur.

VIGDÍS

Það hafði ég heldur ekki hugsað mér. Ég ætla bara að segja frá öllu eins og það kom mér fyrir sjónir.

MAGNÚS

Þú heldur kjafti.

WALTER

Sýndu konu minni kurteisi eða ég..

ÞYBBINN

Augnablik, augnablik, augnablik. Ekkert vinnst með orða- og vopnaskaki og það gæti allteins orðið til þess að einhverjir misstu af sögunni. Af öllum sögum ef út í það er farið. Nei, elskum friðinn og strjúkum kviðinn.

MÖGUR

Ég vil minna á að við ákváðum að þjóna sannleikanum í einu og öllu. Þar sem nýtt vitni hefur gefið sig fram legg ég til að við hlýðum á það.

ALLIR

Heyr heyr!

## 8. SKÁLHOLT OG VÍÐAR (1431)

VIGDÍS

Fremstur ríður Magnús..

ANNA

..sem meyjarnar skelfast..

VIGDÍS

..fremstur ríður Magnús..

ANNA

..svo miskunnarlaus..

VIGDÍS

..ekki er neinum skemmt..

ANNA

..er hann skreppur heim á bæinn

VIGDÍS

..ekki er neinum skemmt..

ANNA

..er hann skoðar sig þar um.

MAGNÚS

Ætlaðirðu að fela þennan fisk fyrir okkur? Ætlaðirðu að gera það?

KONA

Nei nei. Þið megið taka hann.

MAGNÚS

En þetta öl. Ætlaðir þú að fela það?

KONA

Nei. Drekkið það bara.

HANS

Ég er þegar byrjaður á því.

MAGNÚS

Hefurðu falið eitthvað fleira fyrir okkur?

KONA

Nei nei. Hér er ekkert fleira

MAGNÚS

Leitaðu!

HANS

Leita, leita, leita sagði hann. Að hverju á maður að leita, alltaf erfiðara ef maður veit það ekki. Á það að vera lambalæri, eða hænubrjóst eða kannski lítill kjúklingur.

*Seilist bakvið eitthvað og dregur fram STÚLKA sem hefur falið sig þar*

Hér er eitthvað girnilegt falið.

STÚLKA

Slepptu mér.

KONA

Látið hana vera.

MAGNÚS

Varstu að fela hana fyrir mér? Svona lítið fallett blóm. Svona lítið fallett blóm sem hægt er að slíta blöðin af, eitt og eitt í einu, elskar hún mig, elskar hún mig ekki, elskar hún mig...

*HANS lemur KONU af sér og dregur STÚLKA út*

ANNA

Fremstur ríður Magnús..

VIGDÍS

..svo miskunnarlaus..

ANNA

..engum er þar skemmt..

VIGDÍS

..er skýst hann heim á bæi..

ANNA

Fremstur ríður Magnús

VIGDÍS

..sem meyjarnar skelfast.

BÁÐAR

Fremstur ríður Magnús svo miskunnarlaus.

JÓN

Ég vil biðja þig að fara varlega Magnús. Ég á marga völduga óvini sem myndu notfæra sér það ef eitthvað færi úrskeiðis hérna.

MAGNÚS

Hvað heldurðu að fréttist héðan af hjara veraldar.

JÓN

Allt fréttist fyrr eða síðar. Ég vil biðja þig sérstaklega að fara varlega í kvennamálum því ég er viðkvæmur fyrir slíku slúðri. Þá skiptir ekki öllu hvort það eru menn mínir eða ég sjálfur. Allt verður lagt út á versta veg fyrir mig.

MAGNÚS

Ég er að hugsa um að giftast.

JÓN

Það líst mér vel á. Hverri hefurðu augastað á?

MAGNÚS

Margéti á Kirkjubóli.

JÓN

Dóttur Vigfúsar hirðstjóra. Það væri ráðahagur sem væri okkur hagstæður. En tekur hún þér? Þær eru stórar uppá sig þessar íslensku höfðingjadætur.

MAGNÚS

Það eru fáir menn ættstærri en ég hér á landi.

JÓN

Það máttu ekki tala um.

*Þögn*

Ég skrifa bréf til Ívars bróður hennar sem þú getur fært honum. Ef til vill hefur hann jafnmikinn áhuga á að vingast við mig og ég við hann.

## 9. KIRKJUBÓL (1431)

ÍVAR

Margrét mín. Hann kom að máli við mig hann Þorvarður á Möðruvöllum.

MARGRÉT

Já er það? Hann er skotinn í mér.

ÍVAR

Hvernig veistu það?

MARGRÉT

Það er augljóst. Hann gleypir í sér tunguna í hvert skipti sem hann hittir mig.

ÍVAR

Já strákgreyið. Hvað finnst þér um hann?

MARGRÉT

Hann er ósköp sætur.

ÍVAR

Ósköp sætur! Er það allt og sumt.

MARGRÉT

Nei. Ég...

MAGNÚS *kallar utandyra*

Hér sé Guð.

ÍVAR

Hver skyldi þetta vera?

*Kallar.*

Guð blessi þig.

*MAGNÚS og HANS koma inn*

MAGNÚS

Komdu sæll Ívar. Sæl Margrét.

MARGRÉT

Sæll.

MAGNÚS

Ég á, hérna, dálítið erindi við þig Ívar.

MARGRÉT

Viltu að ég fari?

MAGNÚS

Nei, það er óþarfi. Eiginlega er erindi mitt vegna þín?

MARGRÉT

Mín?

MAGNÚS

Já. Eiginlega.

ÍVAR

Haltu áfram.

MAGNÚS

Eins og þið vitið þá er ég bryti í Skálholti og ég er búinn að vera nokkuð lengi í þjónustu biskupsins. Ég ferðaðist með honum á meðan hann var í erindum fyrir kónginn.

HANS

Fær maður hvorki vott né þurrt hérna?

MAGNÚS

Þegiðu Hans! Biskupinn hefur gert vel við mig enda hef ég þjónað honum dyggilega. Ég myndi líklega ekki kallast ríkur maður en ég fer vel með fé. Ég gæti keypt mér góða jörð hérna, haft skip í förum og áður en langt um liði yrði ég ríkur maður. Ég hef séð hvernig maður á að bera sig að á þessu landi.

ÍVAR

Mér hefur reyndar aldrei getist vel að aðferðum ykkar biskupssveina en hvað um það? Hvað viltu mér?

HANS

Hann er að fara að koma að því.

MAGNÚS

Þegiðu Hans! Ég var að hugsa um að ef ég settist hér að þá þyrfti ég einhverja að hafa við hlið mér, svona til að deila þessu öllu með mér, og þá varð mér hugsað til hennar Margrétar.

MARGRÉT

Til mín!

*Fer að hlæja*

MAGNÚS

Já, mér datt í hug að þú værir þessu ekki alveg afhuga.

MARGRÉT

Hversvegna í ósköpunum datt þér það í hug?

HANS

Hún vill láta ganga á eftir sér.

MAGNÚS

Þegiðu Hans! Þú þarft ekki að vera með nein ólíkindalæti við mig. Ég sá hvernig þú horfðir á mig á Þingvöllum.

MARGRÉT

Horfði á þig?

MAGNÚS

Já. Heldurðu að ég viti ekki hvað það þýðir þegar stelpa horfir svona á stráka? Þið eruð ekkert öðruvísi en aðrar stelpur, þið þessar fínu dömur.

MARGRÉT

Hafir þú séð ástaraugu voru þau ekki ætluð þér.



MAGNÚS  
Ekki mér?

ÍVAR  
Þú hlýtur líka að skilja það að þú ert ekki samboðinn henni Margréti.

MAGNÚS  
Ég er með bréf frá biskupi.

MARGRÉT  
Lítið þekkirðu mig Magnús, ef þú heldur að ég verði unnin með biskupsbréfi.

HANS  
Þær eru merkilegar með sig kerlingarnar í þessu skítalandi.

MAGNÚS  
Þegiðu Hans! Hver var það þá?

MARGRÉT  
Það kemur þér ekki við.

MAGNÚS  
Segðu mér það.

MARGRÉT  
Hversvegna viltu vita það?

MAGNÚS  
Ég vil berjast um þig. Ég skora hann á hólm. Ég drep helvítið.

MARGRÉT  
Ég vil þig ekki Magnús. Skilurðu það ekki?

HANS  
Þær skilja ekkert nema maður sé ákveðinn Magnús. Tökum hana bara með.

ÍVAR *dregur sverð úr slíðrum*  
Nú skuluð þið hypja ykkur.

MAGNÚS  
Ég fer ekki neitt fyrr en...

ÍVAR *ógnar Magnúsi með sverðinu*  
Út með þig!

MAGNÚS  
Ég kem aftur. Ég kem aftur og aftur og aftur þangað til þú segir já.

MARGRÉT  
Þú færð mig aldrei.

MAGNÚS

Ef ég fæ þig ekki, þá fær þig enginn. Bíddu bara.

ÞYBBINN

Ætlaðirðu að gera henni eitthvað illt?

MAGNÚS

Nei. Ég var bara reiður. Ég elskaði hana.

ÞYBBINN

En hún elskaði einhvern annan.

MAGNÚS

Já. Og ástin gerði mig blindan.

MÖGUR

Skrítin skepna ástin. Allir þrá hana og allir geta ræktað hana í hjartanu en samt virðist aldrei vera nóg af henni handa öllum.

## 10. SKÁLHOLT OG ÞINGVELLIR (1431)

MAGNÚS

Segðu biskupnum frá því sem þú heyrðir.

SÖGU-SMETTA

O, ég fer víða og heyri margt.

MAGNÚS

Segðu frá því sem þú heyrðir á þinginu.

SMETTA

Ég hef alltaf sagt að biskupinn sé góður maður þó sumir segi annað.

JÓN *réttir henni pening*

Hvað segja þeir um biskupinn?

SMETTA

Ekki voru þeir hrifnir af því að biskupinn kom ekki til þingsins. Þetta eru miklir menn, já, þetta eru miklir menn.

JÓN

Segðu fleira.

ÍVAR

Við verðum að senda konungi mótmæli. Umsvif útlendinga eru orðin of mikil hér í landinu og fjárkröfur biskupsins allt of miklar.

ÞORVARÐUR

Við mótmælum því líka að það sé erlent herlið í landinu. Það hefur aldrei gerst áður og það verður ekki þolað.

MAGNÚS

Segðu frá enska biskupnum.

SMETTA

Biskupinn enski (*spýtir*) var þarna og spann sinn vef.

JOHN CRAXTON

Þó ég sé fæddur enskur maður þá er föðurland mitt guðs ríki og þjóð mín hér á Íslandi. En ég get ekki stillt mig um að bera blak af löndum mínum því mér finnst ómaklega að þeim vegið. Að vísu eru Englendingar hér fjölmennir á mörgum stöðum og þar er misjafn sauður í mörgu fé. Hinu má ekki gleyma að þeir sigla hingað oft en aðrar þjóðir, bjóða fjölbreyttari vöru og borga betur fyrir íslenskan fisk og vaðmál en aðrir.

ÞORVARÐUR

Þetta er rétt sem biskupinn segir. Varan er líka á betra verði en því sem Björgvinjarkaupmenn bjóða.

JOHN

Hér er ekkert enskt herlið, einungis fiskimenn og kaupmenn og þeir hafa líka orðið fyrir barðinu þessu erlenda herliði. Samt stend ég hér og svara til saka. Þeir sem ættu að gera það láta ekki svo lítið að koma til þingsins og standa fyrir máli sínu.

ÍVAR

Við verðum að mótmæla framferði biskups.

ÞORVARÐUR

Ef til vill væri skynsamlegra að við sendum konungi yfirlýsingu um hollustu, undirritaða af helstu höfðingjum okkar. Þá fer betur á því að einhverjar umkvartanir fylgi með.

JOHN

Það er skynsamlegt.

JÓN

Svo þeir sitja á svikráðum við okkur.

SMETTA

Já, mesta furða að þeir gátu komið sér saman um það. Því þar sem þrír Íslendingar eru samankomnir eru uppi fjórar skoðanir.

JÓN

Gott og vel, leyfum þeim að senda Eiríki mótmæli. Sjáum til hvað kemur út úr því.

ÍVAR

Ennfremur lýsir Alþingi því yfir að þeir útlendu menn sem farið hafa með ófriði á hendur landsmönnum séu ófriðhelgir og útlægir.

MAGNÚS

Við verðum að kæfa þetta í fæðingu.

JÓN

Við skulum ekki gera neitt vanhugsað. Bíðum og sjáum hvað setur.

*Fer*

SMETTA

Þeir þurftu að ræða þetta betur höfðingjarnir.

MAGNÚS

Hvað áttu við?

SMETTA

Þegar Ívar fór heim á Kirkjuból fór Þorvarður með honum.

MAGNÚS

Já, þeir hafa þurft að leggja á ráðin..

*Pagnar*

Það er hann!

SMETTA

Ha?

MAGNÚS

Það er hann! Hvað ég er heimskur. Auðvitað er það hann.

SMETTA

Er það hann hver?

MAGNÚS

Burt með þig kerling! Hans! Hans! Komdu hérna!

*Fer út*

KATRÍN

Fremstur ríður Magnús..

GUÐRÚN

..sem meyjarnar dá

KATRÍN

Fremstur ríður Magnús..

GUÐRÚN

..og mikið fer hann greitt.

KATRÍN

Leggjast þeir í leyni..

GUÐRÚN

..hvar leið liggur hjá garði..

KATRÍN

..bíða eftir því að beri hann þar að.

GUÐRÚN

Stökkva þeir á fætur..

KATRÍN

..draga hann af hestinum..

GUÐRÚN

..fleygjonum á jörðina..

KATRÍN

..og hneppa í bönd.

*MAGNÚS og HANS koma inn með ÞORVARÐ bundinn.*

MAGNÚS

Þú gætir hans vel. Hann má ekki sleppa.

HANS

Hann ætti bara að reyna að komast framhjá mér.

ÞORVARÐUR *brýst um*

Leysið mig ómennin ykkar. Sleppið mér!

JÓN *kemur inn*

Hvað gengur hér á?

MAGNÚS

Við náðum einum þeirra.

JÓN

En þetta er Þorvarður. Ertu genginn af vitinu drengur?

HANS

Hann var á heimleið þegar við gripum hann. Þið hefðuð átt að sjá á honum svipinn.

ÞORVARÐUR

Ég hafði síst búist við að biskupinn gerði mér fyrirsát.

MAGNÚS

Nú þykist hann blásaklaus. Situr á svikráðum við biskupinn og þykist svo ekki kannast við neitt.

ÞORVARÐUR

Ég hef engan svikið. Jón er ekki minn biskup.

MAGNÚS

Hann er fulltrúi konungs og það sem þið voruð að gera á þinginu eru drottinssvik sem ekki verður látið órefsað.

ÞORVARÐUR

Það sem þið hafið verið að gera er hrein lögleysa.

JÓN

Alltaf skulu þeir þvæla um lög þessir Íslendingar. Hér gilda bara lög Eiríks konungs.

ÞORVARÐUR

Þú gerðir rétt í því, biskup, að sleppa mér áður en eitthvað verra hlýst af þessu.

JÓN

Ertu að hóta mér? Ósvífni bóndadurgur!

ÞORVARÐUR

Ég er að biðja þig að sýna skynsemi.

MAGNÚS

Hann er einn af höfuðpaurunum. Ef við höldum honum hérna sem gísli þá er ég viss um að hinir hafa sig hæga.

ÞORVARÐUR

Þið hafið engan rétt til að halda mér hérna.

JÓN

Við höfum allan rétt. Bæði guðs og manna.

*Þögn*

En ég er maður friðarins. Ég vil að allir séu sáttir og því er ég að hugsa um að sleppa þér. En með einu skilyrði.

ÞORVARÐUR

Hvað er það?

JÓN

Þú hefur vottað konungi hollustu þína. Vottaðu mér hollustu þína líka og sverðu að láta af öllum mótþróa við mig. Þá skal ég sleppa þér.

ÞORVARÐUR

Það get ég ekki gert. Ég get ekki sætt mig við óréttlæti.

JÓN

Þá geturðu fengið að rotna í svartholinu. Lokið hann inni.

## 11. KAUPMANNAHÖFN (1432)

EIRÍKUR / ÞYBBINN

Þetta getur bara ekki gengið lengur Henry. Þetta getur ekki gengið.

HENRY VI / MÖGUR

Nei auðvitað ekki. Hvað Eiríkur frændi?

EIRÍKUR

Ísland. Fiskurinn minn og allt það.

HENRY

Fiskur er ógeðslegur. Það er fýla af honum. Ég skil ekki hversvegna menn eru að veiða þennan óþverra.

EIRÍKUR

Eitthvað verður fólk að borða á föstunni.

HENRY

Það getur bara borðað kökur. Það geri ég.

EIRÍKUR

Við verðum að ráða fram úr þessu.

HENRY

Þetta er svo leiðinlegt. Getum við ekki farið í einhvern leik?

EIRÍKUR

Þrátt fyrir bannið þá versla Englendingar enn á Íslandi.

HENRY

Ég veit um einn skemmtilegan leik. Maður lætur þjónustufólið raða sér í hring og svo sparkar það í rassinn hvert á öðru.

EIRÍKUR

Þú verður að framfylgja banninu.

HENRY

Og svo finnst mér dálítið gaman að kveikja í hárkollum á kerlingum. Það er ekkert eins fyndið og logandi kerlingar.

EIRÍKUR

Þú verður að banna allar Íslandssiglingar að viðlagðri refsingu.

HENRY

Stríð er líka skemmtilegt. Ég fékk að fara í stríð í fyrra. Þá reið ég upp á háan hól og horfði á minn pöpul murrka lífið úr pöplinum hans Kalla í Frakklandi. Og auðvitað öfugt. Það var æðislegt.

EIRÍKUR

Stríð er dýrt. Ég hef ekki efni á að fara í stríð nema ég fái þessa peninga frá Íslandi.

HENRY

Aumingja Eiríkur. Ertu svona illa staddur? Kemstu ekki í stríð?

EIRÍKUR

Þú verður að refsa þeim sérstaklega sem setja sig uppá móti fulltrúa mínum, Jóni Gerrekssyni biskupi, hinum elskulega bróður í Kristi.

HENRY

Þeir verða vitlausir í þinginu ef ég geri þetta. Ég fæ engan frið til að leika mér í marga daga.

EIRÍKUR

Ef þú gerir þetta skal ég láta þjónana mín sparka í rassinn á hvor öðrum í allan dag.

HENRY

Meinarðu þetta Eiríkur frændi? Myndirðu gera þetta fyrir mig?

EIRÍKUR

Elsku strákurinn minn, auðvitað verður að skemmta þér þegar þú kemur í heimsókn.

*Þjónustufólkið raðar sér í hring og sparkar í rassinn hvort á öðru.*

## 12. SKÁLHOLT (1432)

HANS

Hvað ert þú að gera hérna?

VIGDÍS

Ég kom með mat handa fanganum.

HANS

Af hverju kom Anna ekki með hann.

VIGDÍS

Henni var bannað það. Hún slóraði of mikið.

HANS

Jæja. En hvað um þig. Vilt þú ekki slóra hjá mér líka?

VIGDÍS

Hleyptu mér framhjá.

HANS

Einn lítinn koss?



VIGDÍS  
Láttu mig vera.

HANS  
Þó þær berjist um og klóri og bíti þá langar þær líka.

MAGNÚS *kemur inn*  
Hans! Hættu þessu! Slepptu henni.

HANS  
Hvað er þetta? Ég ætla bara að gera henni gott.

MAGNÚS *við Vigdís*  
Farðu bara inn til fangans. Og þú lætur mig vita ef hann er að angra þig.

VIGDÍS  
Þakka þér fyrir.  
*Fer*

HANS  
Stelpufífl.

MAGNÚS  
Þú heyrir hvað ég segi. Þú lætur hana í friði.

HANS  
Þú ætlar bara að taka hana sjálfur.

MAGNÚS  
Við erum ekki allir með heilann á milli fótanna

VIGDÍS  
Ég kom með mat handa þér.

ÞORVARÐUR  
Ég er ekkert svangur.

VIGDÍS  
Þú verður að borða.

ÞORVARÐUR  
Hver ert þú? Hvað heitirðu?

VIGDÍS  
Vigdís.

ÞORVARÐUR  
Veistu hver ég er?

VIGDÍS

Já, ég veit það. Þú ert sonur hans Lofts riddara.

ÞORVARÐUR

Einmitt.

VIGDÍS

Ég er að norðan líka.

ÞORVARÐUR

Veit fólk að ég er hérna?

VIGDÍS

Ég veit ekki.. jú það komu menn að grennslast fyrir um þig en þeir voru reknir burt.

ÞORVARÐUR

Viltu gera mér greiða Vigdís?

VIGDÍS

Ef ég get.

ÞORVARÐUR

Ég skal launa þér vel.

VIGDÍS

Það er óþarfi.

ÞORVARÐUR

Mig munar ekkert um það. Ég er ríkur maður.

VIGDÍS

Hvað viltu að ég geri?

ÞORVARÐUR

Ég vil að þú náir lyklinum af varðmanninum.

VIGDÍS

Ertu vitlaus maður? Ég verð barin.

ÞORVARÐUR

Þú kemur með mér.

VIGDÍS

Það er ekki hægt. Ég get ekki svikið biskupinn, hann hefur verið góður við mig.

ÞORVARÐUR

En viltu þá bera skilaboð fyrir mig.

VIGDÍS

Ef ég get. Til hvers?

ÞORVARÐUR

Það er til stúlku sem ég þarf að segja svo margt sem ég kom ekki orðum að þegar ég var með henni.

VIGDÍS

Það er ekki auðvelt að segja það sem manni býr í brjósti.

ÞORVARÐUR

Nei, það er satt. Segðu henni.. nei, það er ekki hægt að láta einhvern annan segja það. Gleymum þessu.

VIGDÍS

Á ég ekki að segja henni hvar þú ert?

ÞORVARÐUR

Nei. Ég get ekki látið þig taka þá áhættu. Hún kemst nógu snemma að því hvar ég er.

*VIGDÍS fer*

ANNA

Það eru fleiri sem slóra en ég.

VIGDÍS

Ég var ekkert að slóra.

ANNA

Þú heldur þig frá honum Hans eða þú hefur verra af.

VIGDÍS

Ég var ekkert hjá honum. Mér finnst hann viðbjóðslegur

ANNA

Finnst þér það, já? Hvar varstu þá?

*Þögn*

Nú það er svona. Varstu hjá fanganum?

VIGDÍS

Ég var ekkert að gera.

ANNA

Er litla ambáttinn kannski að fá háar hugmyndir um sjálfa sig?

### 13. BISKOPS-ARNÖ (1436)

MAGNÚS

Það skyldi þó ekki vera? Það skyldi þó ekki vera að litla ambáttin hafi fengið háar hugmyndir um sjálfa sig

VIGDÍS

Og hvað með það? Varst þú ekki líka að reyna að teygja þig uppá við?

*Þögn*

Ég vorkenndi honum bara.

MAGNÚS

Það skyldi þó ekki vera að litla ambáttinn hafi látið heillast af höfðingjanum og hjálpað honum?

VIGDÍS

Varla væri það verra en það sem þú gerðir.

KATRÍN

Sonur minn hefur ekki gert neitt rangt.

VIGDÍS

Hann hefur barið menn..

HANS

Auðvitað þarf maður öðruhverju að gefa mönnum á kjaftinn annars tæki enginn mark á manni.

KATRÍN

Hann gerði ekki annað en skyldu sína..

VIGDÍS

..og gert upptækar eigur þeirra..

HANS

Þó maður grípi eitthvað lauslegt með sér svona í framhjáhlaupi.

KATRÍN

..og þjónaði vel sínum herra.

VIGDÍS

..drepíð menn og svívirt konur.

KATRÍN

Hann var hermaður. Það er ekki annað en hermenn gera.

ANNA

Mér finnst ekkert er eins æsandi og maður í einkennisbúningi.

MÖGUR

Hér er hvorki staður né stund til að ræða siðferðileg efni.

VIGDÍS *háðslega*

Við erum þangað komin í sögunni þar sem hetjuskapur þessa hermanns rís einna hæst.

MAGNÚS

Það var slys. Það var óviljaverk.

VIGDÍS

Við skulum láta áhorfendur dæma um það.

MAGNÚS

Láttu mig segja þessa sögu. Hún er um málefni sem karlar fást við.

VIGDÍS

Þegar karlar fást við einhver mikilsverð málefni þá eru það konurnar sem þjást. Nú er kominn tími til að við segjum frá.

#### 14. KIRKJUBÓL (1433)

MARGRÉT *er að kenna ÍVARI að dansa*

MARGRÉT *syngur*

Brennur ástin heitust  
sem bundin er í meinum  
er því best að unna ekki neinum

*Talar*

Syngdu með mér

ÍVAR

Ég er ekkert góður í þessu.

MARGRÉT

Láttu ekki svona.

MARGRÉT og ÍVAR *syngja og dansa*

Stúlkan fór í dansinn og dátt hún söng  
Ekki þótti henni þá kvöldstundin löng  
Dansaði hún við tvo og þrjá  
fjóra fimm og alla þá  
sem vildu hana skjalla  
Dansaði hún við alla  
alla nema einn mann  
og það var hann

Brennur ástin heitust

sem bundin er í meinum  
er því best að unna ekki neinum

ÍVAR

Nú nenni ég ekki meira.

MARGRÉT

Þú vilt aldrei dansa við mig.

ÍVAR

Ég er ekkert dansfífl.

*Þögn*

Það var annað þegar Þorvarður var hérna.

MARGÉT *sest við sauma*

Já hann var ekki sporlatur

ÍVAR

En kom hann sér að því að biðja þin?

MARGRÉT

Nei. Ég er hrædd um að hann sé ekkert að hugsa um mig lengur.

MAGNÚS *kallar utandyra*

Margrét! Margrét!

MARGRÉT

Hann er kominn aftur.

MAGNÚS *kallar utandyra*

Margrét! Ég þarf að tala við þig.

MARGRÉT

Ég vil ekki tala við hann.

MAGNÚS *kallar utandyra*

Margrét! Margrét!

ÍVAR

Ég skal losa okkur við hann.

*Gengur til dyra og kallar út*

Margrét er ekki heima, Magnús.

MAGNÚS *utandyra*

Þá bið ég bara eftir henni.

ÍVAR

Hún fór vestur að heimsækja mömmu. Hún kemur ekki fyrr en eftir viku.

MAGNÚS *utandyra*

Andskotinn! Skilaðu til hennar að ég sé með litla elskhugann hennar.

ÍVAR

Sért með hvern? Elskhugann?

MAGNÚS *utandyra*

Já, ég er með hann í varðhaldi í Skálholti og ég drep hann ef hún giftist mér ekki.

ÍVAR

Ertu genginn af vitinu Magnús?

MAGNÚS *utandyra*

Hún er búin að gera mig brjáláðan.

ÍVAR

Er Þorvarður fangi í Skálholti?

MAGNÚS *utandyra*

Já og við drepum hann ef þið reynið eitthvað.

ÍVAR

Þú ert dauðans matur núna, Magnús.

MAGNÚS *utandyra*

Þú ert það sjálfur.

*Byssu- eða bogaskot og ÍVAR hnígur niður. MARGRÉT hleypur til hans*

MARGRÉT

Ívar!

HANS *utandyra*

Þú skaust hann.

MAGNÚS *utandyra*

Ég var búinn að fá nóg að þessum vindbelg.

HANS *utandyra*

Hvað gerum við núna?

MAGNÚS *utandyra*

Brennum bæinn. Eyðum öllum verksummerkjum.

MARGRÉT

Ívar!

ÍVAR

Forðaðu þér Margrét. Forðaðu þér.

HANS *utandyra*

Þetta skíðlogar.

MARGRÉT

Ég get ekki skilið þig eftir.

ÍVAR

Farðu. Finndu Þorvarð. Segðu honum..

*Deyr*

MARGRÉT

Ívar!

*Reyk leggur um húsið. MARGRÉT hóstar. Hún bindur klút fyrir vit sér, tekur skærin sín og forðar sér*

STÚLKA

Guð minn góður. Stofan brennur. Þið verðið að bjarga þeim.

MAGNÚS

Það er allt of mikill eldur. Við komumst ekki inn.

*Þögn*

Þeim?

STÚLKA

Húsbóndinn og Margrét systir hans. Þau voru þarna inni.

*MAGNÚS ætlar að æða inn í eldinn en HANS stöðvar hann*

HANS

Þú drepur þig bara. Það er ekki til neins.

MAGNÚS

Margrét! Margrét! Ég hef drepið hana.

HANS

Ég held að það sé best að við komum okkur héðan.

MAGNÚS

Ég hef drepið hana. Ó drottinn minn! Ég hef drepið hana!

ÞYBBINN

Hvert var erindi þitt þetta kvöld, Magnús?

MAGNÚS

Erindi?

ÞYBBINN

Já. Hvað ætlaðistu fyrir?

MAGNÚS

Ég ætlaði að tala við hana.



MÖGUR

Hvað ætlaðirðu að segja?

MAGNÚS

Ég ætlaði að segja henni að hún væri sólin mín. Að ég væri blóm, nei, bara einhver ómerkileg planta, og ef hún skini ekki á mig þá visnaði ég og dæi. Ég ætlaði að segja henni að ef ég sæi hana ekki koma upp á hverjum degi allt mitt líf þá yrði það dapurt og kalt. Að allt yrði einskis virði ef hún væri ekki hjá mér.

MÖGUR

En nú geturðu ekki sagt henni það.

MAGNÚS

Stundum. Seint á kvöldin. Þegar ég er einn og get ekki sofið. Þá reyni ég að segja henni það. Ég er bara hræddur um að hún heyri ekki til mín.

## 15. SKÁLHOLT (1433)

HANS

Ertu komin til að slóra með mér litla mín?

VIGDÍS

Nei. En Anna kemur á eftir.

HANS

Anna? En ég hélt...

VIGDÍS

Það eru allir fullir. Enginn tekur eftir neinu. Ég kom með flösku handa ykkur.

HANS

Elsku stelpan mín.. Hvað ertu nú að bralla?

VIGDÍS

Mig langar bara til að vera hjá Þorvarði.

HANS *sýpur drjúgt*

Haha! Sko þá stuttu! Síðustu forvöð að hafa eitthvað gagn af honum.

ÞORVARÐUR

Þú ert komin. Ef ég hefði þig ekki væri ég orðinn vitlaus á að vera hérna.

VIGDÍS

Þú ert í mikilli hættu.

ÞORVARÐUR

Varla meiri en venjulega.

VIGDÍS

Það gerðist.. það hefur.. það hefur..

ÞORVARÐUR

Hvað gerðist?

VIGDÍS

Það er svo hræðilegt...

ÞORVARÐUR

Segðu mér það.

VIGDÍS

Þau eru dáin. Þau eru bæði dáin.

ÞORVARÐUR

Hver? Hver eru dáin?

VIGDÍS

Margrét og Ívar. Þau brunnu inni.

ÞORVARÐUR

Margrét? Ívar, vinur minn? Dáin?

VIGDÍS

Þér er ekki óhætt hérna lengur.

ÞORVARÐUR

Margrét? Nei. Ég trúi því ekki.

VIGDÍS

Ég ætla að hjálpa þér.

ÞORVARÐUR

Hvað gerðist? Hvernig..?

VIGDÍS

Það var Magnús. Og menn biskupsins.

ÞORVARÐUR

Allt er glatað núna.

VIGDÍS

Hann er að koma. Kysstu mig!

ÞORVARÐUR

Ha?

VIGDÍS

Kysstu mig. Treystu mér.

*Þau kyssast.*

HANS

Nú það er bara svona.

VIGDÍS

Láttu okkur í friði.

HANS

Hvar er Anna? Hvenær kemur hún?

VIGDÍS

Hún kemur bráðum. Er ekki eitthvað eftir í flöskunni?

HANS

Það er orðið eitthvað lítið.

VIGDÍS

Ég skal sækja aðra fyrir þig.

*Við Þorvarð*

Hann ætti að vera löngu sofnaður. Ég setti svefnlyf í vínið hans.

HANS *syngur*

Fagra dís í faðminn þinn  
ég flý um kaldar nætur  
Hugga þú nú harminn minn  
og hjarta sem að grætur

En þú ert fjarri dísin dáð  
og drættir líkir skugga  
speglast hérna mynd þín máð  
á minn sálarglugga

Ég hafði árar, fagurt fley  
sem fluttu mig í ókunn lönd  
fjarri fósturjörð ég dey  
fjarri þér á kaldri strönd

*Sofnar*

JÓN

Þú hefur ekki farið í einu eða neinu eftir því sem ég hef sagt þér og með þessum óheillaverknaði hefur þú fyllt mælinn. Þú verður að fara burt.

MAGNÚS

Ég flý ekki undan þessum bændaræflum. Hvað geta þeir svo sem gert?

JÓN

Ég get ekki verndað þig. Þeir eru miklu liðfleiri en við.

MAGNÚS

Þeir eru höfuðlaus her. Ívar er dauður og við höfum Þorvarð.

JÓN

Maður kemur í manns stað.

MAGNÚS

Við drepum Þorvarð. Við drepum hvern þann sem reynir að leiða uppreisn gegn okkur.

JÓN

Og hvað með Hólabiskup? Englendingana? Við getum ekki drepit alla sem eru á mótum okkur. Við verðum að...

MAGNÚS

Konungur er á okkar bandi. Hann getur sent okkur fleiri menn. Heilan her.

HANS

Hann er flúinn. Fanginn er flúinn.

MAGNÚS

Erkihálfvitinn þinn. Af hverju léstu hann sleppa?

HANS

Ég sofnaði. Hún byrjaði mér eitum. Vigdís. Hún flúði með honum.

MAGNÚS

Við verðum að elta þau.

JÓN

Hvenær fóru þau.

HANS

Ég veit það ekki. Þau voru farin í morgun þegar ég vaknaði.

MAGNÚS

Þau hafa haft alla nóttina til að komast undan.

HANS

Það eru tveir hestar horfnir .

MAGNÚS

Erkihálfvitinn þinn! Ég skal..

JÓN

Láttu hann vera. Þetta er ekki til neins.

MAGNÚS

Við verðum að ná honum.

JÓN

Það er vonlaust úr þessu. Þú verður að fara drengur minn. Þeir munu leita hefnda út af brunanum en ef þú ert horfinn þá geta þeir lítið gert.

MAGNÚS

En hvað um þig?

JÓN

Hafðu ekki áhyggjur af mér. Ég býð þeim bætur. Taktu sveinana með þér, það er hætt við að ýmsir eigi sökótt við þá líka.

MAGNÚS

En þá ert þú varnarlaus.

JÓN

Íslendingarnir á staðnum munu ekki bregðast mér. Og ef allt um þrýtur þá trúi ég ekki öðru en að embætti mitt sé mér einhver vörn. Þeir myndu ekki dirfast að ráðast á æðsta þjón Guðs hér á landi og glata sálu sinni.

MAGNÚS

En ég get ekki..

JÓN

Farið og reynið að komast í skip.

*MAGNÚS faðmar JÓN*

MAGNÚS

Fyrirgefðu mér. Fyrirgefðu mér. Ég vildi bara gera þig stoltan af mér.

JÓN

Ég er stoltur af þér. Þú þurftir aldrei að gera neitt til þess. Farðu nú drengur minn. Og guð blessi þig

KATRÍN

Þú lést hann fara.

JÓN

Ég sé svo mikið af sjálfum mér í honum.

KATRÍN

Það er ólíkt þér að takast ekki á við erfiðleikana. Þegar þú varst hérna léstu ekkert stöðva þig.

JÓN

Á hans aldri bauð ég öllum birginn. Sumum fannst það ekki við hæfi að erkibiskup stæði í öllu þessu veraldarvafstri en ég hafði reyndar meira gaman að því en hinu.

KATRÍN

Af hverju heldurðu honum ekki hjá þér? Getið þið ekki ráðið fram úr þessu í sameiningu?

JÓN

Nú hef ég í hyggju að snúa mér til míns guðs og leggja allt í hans hendur. En Magnús verður að bjargast.

*Þögn*

Þegar maður eldist hugsar maður öðruvísi. Börnin gera menn að gungum.

## 16. MÖÐRUVELLIR (1433)

WALTER

Mér skilst að þú talir ensku.

VIGDÍS

Já herra. Ég var einn vetur í eldhúsi í Lynn.

WALTER

Þú talar mjög vel.

VIGDÍS

Nei. Það geri ég ekki.

WALTER

Víst gerirðu það.

*Þögn*

Þorvarður vinur minn er þér mjög þakklátur fyrir frelsunina. Hann langar til að launa þér einhvern veginn.

VIGDÍS

Hann þarf þess ekki. Ég vildi ekki að hann yrði drepinn. Mér var farið að þykja vænt um hann.. Eins og bróður auðvitað.

WALTER

Auðvitað. Við verðum að standa með honum núna og hugga hann í hans miklu sorg.

*ÞORVARÐUR kemur inn*

ÞORVARÐUR

Ég sé að þú hefur hitt Walter minn enska vin.

VIGDÍS

Já. Við rákumst hvort á annað.

ÞORVARÐUR

Þú hefur gefið mér það sem er hverjum manni dýrmætast. Frelsi mitt. Ég stend í mikilli þakkarskuld við þig.

VIGDÍS

Það var ekkert.

ÞORVARÐUR

Eitthvað verð ég að gera til að launa þér greiðann. Vegna hans ertu heimilislauð og allslauð. Ef þú vilt, þá skal ég gefa þér jörð og gifta þig góðum manni. Það verður ekki erfitt verk að gefa svona fallega stúlku. Ég gæti sjálfur...

STÚLKA

Það er kominn gestur.

ÞORVARÐUR

Sérðu ekki að ég er upptekinn. Segðu honum að bíða.

STÚLKA

Það er ungfrú..

ÞORVARÐUR

Mér er sama hver það er, segðu henni að bíða.

STÚLKA

Það er ungfrú Margrét.

ÞORVARÐUR

Hvað ertu að segja stelpufífl? Ertu að gera gys að mér. Ungfrú Margrét er dain.

STÚLKA

Hún er hérna og hún er eins lifandi og ég og þú.

MARGRÉT

Já, Þorvarður. Ég lifi.

ÞORVARÐUR

Margrét!

*Þau faðmast. Síðan rennur upp fyrir þeim að ef til vill sé það ekki við hæfi svo þau slíta faðmlaginu þó þeim sé það þvert um geð.*

MARGRÉT

Allir karlmenn í minni fjölskyldu eru dainir. Nú verð ég að vera karlmaðurinn, ekki gráta heldur safna liði og leita hefnda. Ég mun ekki hvílast fyrr en bróður míns hefur verið hefnt.

*Þögn*

Ég hef heitið því að giftast hverjum þeim sem hefnir Ívars.

ÞORVARÐUR

Ég hjálpa þér. Ég mun ekki bregðast þér.

WALTER *við Vigdís*

Segðu mér meira frá því þegar þú varst í Englandi. Hjá hverjum bjóstu?

*Leiðir Vigdís úr*

### 17. BISKOPS-ARNÖ (1435)

MAGNÚS

Hún dó þá ekki.

MÖGUR

Nei Magnús. Morðæði þitt náði ekki til hennar.

MAGNÚS

Þetta var slys! Óhapp! Ég ætlaði aldrei...

MÖGUR

“Ef ég fæ þig ekki þá fær þig enginn.” Var það ekki það sem þú sagðir? Þér tókst ekki ætlunarverk þitt Magnús.

MAGNÚS

Ég ætlaði aldrei að gera henni neitt illt.

MÖGUR

Hvað er það sem fær unga menn til að fara í önnur lönd og vega mann og annan?

KATRÍN

Guð og konungurinn.

ANNA

Frægð og frami.

HANS

Til að berjast fyrir föðurlandið.

MÖGUR

Hvaða hættu stafar föðurlandinu af einhverjum sem býr í landi sem þú veist varla að er til?

MAGNÚS

Ég hef ekki gert neitt rangt.

MÖGUR

Því varstu ekki kyrr hér?

MAGNÚS

Það eru bara heimskingjarnir sem hanga heima. Hinir fara út í heim og gera eitthvað mikið.

MÖGUR

Var það mikilvægt að drepa bróður minn?



MAGNÚS

Hann stóð í vegi fyrir mér. Mér var ekkert illa við.. Bróður þinn?

MARGRÉT

Líttu á þetta Magnús. Þetta eru skærin mín. Ég notaði þau til að brjótast út úr stofunni og þau urðu eftir í eldinum. Sjáðu hernig eldurinn hefur leikið þau. Svona er ég innan í mér. Svona er sálin í mér Magnús. Sjáðu, nú eru þau óhæf til góðra verka og það er ég líka. Þessu hefur hermennska þín og hetjuskapur áorkað.

KATRÍN

Maður hefur auðvitað áhyggjur af þeim þegar þeir eru að flækjast þetta í önnur lönd. Að þeir verði drepnir og svoleiðis, komi aldrei til baka.

GUÐRÚN

Og í öðrum löndum eru mæður sem hafa áhyggjur af því að synir mæðra frá öðrum löndum komi og drepi þær og börn þeirra.

ÞYBBINN

Mæðurnar eru mikilvægastar. Án framlags mæðranna væru engin stríð háð.

KATRÍN

Hvaða framlag er það?

ÞYBBINN

Synirnir auðvitað.

ANNA

Inn við beinið eru þetta bara litlir strákar.

GUÐRÚN

Hetjur og hermenn! Láttu mig þekkja þá. Ég hef ekki svo sjaldan borið öl í þá. Fullir, háværir, kjaftforir og á leið eitthvað annað sem betur fer.

ANNA

Svo verða þeir svo ástleitnir þegar þeir búast við því að deyja.

GUÐRÚN

Alltaf káfandi og klípanði og stundum láta þeir sér ekki segjast og taka sitt með valdi.

ANNA

En þeir endast sem betur fer aldrei lengi.

GUÐRÚN

Æ, hvað lífið væri auðveldara ef engar væru hetjurnar.

MAGNÚS

Hvað viltu mér Margrét?

MARGÉT

Þú ættir að fara nærri um það.

MAGNÚS

Ertu gift?

MARGRÉT

Ekki enn Magnús. Ekki enn.

*Þögn*

Hversvegna spyrðu? Ætlaðu að biðja mín aftur. Manstu ekki hvað ég legg á mannsefnin mín?

## 18. HÓLAR (1433)

ÞORVARÐUR

Ég er kominn til að leita ráða hjá þér herra biskup. Ég kem til þín því hluti af vanda mínum er guðfræðilegs eðlis. Ég er hræddur um að ég þurfi að drýgja synd og vil gjarna kaupa mér aflausn fyrir hana.

JOHN

Í guðfræðilegum efnum er mér bæði ljúft og skylt að leiðbeina þér. Og einnig í þeim veraldlegu ef þess er nokkur kostur.

*Þögn*

Jón biskup hefur komið til mín boðum um að hann vilji bæta fyrir víg Ívars.

ÞORVARÐAR

Gerði hann það? Ég er hræddur um að engar bætur verði þegnar nema blóð.

JOHN

Gerirðu þér grein fyrir því að að er dauðasynd að úthella biskupsblóði?

ÞORVARÐUR

Ég hef svarið að Ívars verði hefnt og það verð ég að standa við.

JOHN

Blóð biskupsins mun koma yfir þann sem spillir því. Honum verður búin vist í helvítiseldinum til eilífdar.

ÞORVARÐUR

Það verður þá svo að vera.

JOHN

Kirkjan mun banna honum allt samneyti við kristna menn.

ÞORVARÐUR

Ég veit það.

JOHN

Ef þú getur komist hjá því skaltu ekki ganga að slíku verki því þá er sál þín glötuð. Hins vegar, það er að segja út frá sjónarhóli guðfræðinnar, er ef til vill fær leið. En eins og þú hlýtur að skilja þá er ég ekki að hvetja til slíks ódæðis.

ÞORVARÐUR

Ég skil það.

JOHN

Ef þú gætir fundið mann til verksins sem væri þvílíkt illmenni að hann hefði fyrirgert rétti sínum til paradísarvistar þá yrði refsing hans ekki strangari þó hann úthellti blóði biskups.

ÞORVARÐUR

Hvar myndi ég finna slíkan mann?

JOHN

Það veit ég ekki og ég þvæ hendur mínar af þessu máli.

*Þögn*

Mig langar til að kynna þig fyrir einum vinnumanni mínum. Hann er kallaður Ólafur illi.

ÞORVARÐUR

Hvaða starfa hefur þú hérna, Ólafur?

ÓLAFUR

Mest að berja fisk.

ÞORVARÐUR

Eitthvað gerirðu fleira er það ekki?

ÓLAFUR

Eitthvað fleira geri ég.

ÞORVARÐUR

Hvað þá helst?

ÓLAFUR

Ég rek burt betlarana og förufólkið svo biskupinn verði ekki étinn út á gaddinn. Svo drep ég rotturnar og mýsnar. Og hvolpa og kettlinga, það má ekki vera of mikið af þeim á bænum.

JOHN

Hvernig ferðu að því Ólafur.

ÓLAFUR

Ég set þá í fötu fulla af vatni og loka henni með fjöl. Eða bara set þá í poka, bind stein við og hendi þeim í ána.

JOHN

Engu blóði er úthellt þar.

ÞORVARÐUR

Nei. Vinnumaður þinn kann til verka, biskup. Viltu lána mér hann?

JOHN

Taktu hann bara með þér. Og fyrirgefðu mér það að ég skyldi ekki geta ráðlagt þér neitt í þessu máli.

### 19. SKÁLHOLT (1433)

*JÓN biskup er að biðja í kirkjunni. Hark og vopnagnýr í bakgrunni.*

JÓN

Ave, Maria, gratia plena, Dominus tecum. Benedicta tu in mulieribus, et benedictus fructus ventris tui, Jesus. Sancta Maria, Mater Dei, ora pro nobis peccatoribus, nunc et in hora mortis nostrae.

KONA

Þeir eru búnir að ná öllum staðnum undir sig. Þú verður að flýja.

JÓN

Það geri ég ekki. Ég hef ekki að þrek til að flýja lengur.

KONA

Þá er líf þitt farið.

JÓN

Varla gera þeir mér neitt hérna í kirkjunni.

*Biður áfram*

Ave, Maria, gratia plena, Dominus tecum. Benedicta tu in mulieribus, et benedictus fructus ventris tui, Jesus. Sancta Maria, Regina coeli, dulcis et pia, O Mater Dei. Ora pro nobis peccatoribus, ut cum electis te videmus. Amen.

ÓLAFUR

Nú er mikið um dýrðir!

JÓN

Í nafni Martinusar V páfa og Eriks konungs af Pommern mótmæli ég þessari aðför að andlegum og löglegum fulltrúa þeirra.

ÞORVARÐUR

Sjaldan hefur verið jafnlangt til Kaupmannahafnar og nú.

ÓLAFUR

Og enn lengra er til Rómar.

JÓN

Ég bið um grið. Ég nýt verndar kirkjunnar.

ÞORVARÐUR

Hvar er Magnús?

JÓN

Hann er farinn. Honum geturðu ekki gert neitt.

ÞORVARÐUR

Taktu hann Ólafur.

SÖNGUR

Ólafur hinn illi  
biskupa spillir  
ekkert gerði hann verra  
en er hann myrti herrann

Ólafur hinn illi  
biskupa spillir  
dró hann á hann þoka  
var fljótur til að loka

Ólafur hinn illi  
biskupa spillir  
herrann kaus að smána  
og fleygj' onum í ána

Ólafur hinn illi  
biskupa spillir  
frið hann aldrei fékk  
og aftur því hann gekk

Ólafur hinn illi  
biskupa spillir  
í víti er hann vís  
en Jón í Paradís

## 20. BISKOPS-ARNÖ (1435)

*MAGNÚS dregur sverð sitt úr slíðrum og ÞYBBINN einnig*

MAGNÚS

Það er margt að verða ljósara fyrir mér en ekkert þó ljósara en það að ástin hefur gert þig að fífl.

ÞYBBINN

Ástin fær okkur til að gera undarlega hluti, Magnús. Heimskulega hluti og hetjudáðir, góðverk og illvirki.

*Þeir skylmast*

MAGNÚS

Ástin gerir okkur að leiksoppum og fíflum.

ÞYBBINN

Í ástum og stríði er allt lagt undir.

MAGNÚS

Sáluhjálpi sína leggur maður ekki undir.

ÞYBBINN

Ef þér finnst það þá hefurðu ekki elskað nóg.

KATRÍN

Hversvegna eruð þið að berjast? Er þetta með í sögunni?

MAGNÚS

Skilurðu það ekki mamma? Þetta er hann.

KATRÍN

Hann hver? Mér finnst þetta ekki góð saga lengur. Hættið að segja hana!

MAGNÚS

Fyrst Margrét er hér þá hlýtur þetta að vera hann.

ÞYBBINN / ÞORVARÐUR

Þú veist að þetta er leiksýning sem ekki er hægt að stöðva né ganga út af.

KATRÍN

Skiljið þá. Gerið eitthvað.

HANS

Þetta verða þeir að jafna sín á milli. Þetta kemur mér ekki við.

MAGNÚS

Ef ég á að deyja núna, Margrét, þá vil ég að þú vitir að síðan þessi ógæfa henti okkur hef ég ekki litið glaðan dag.

ÞORVARÐUR

Hættu þessu kjaftæði og berstu maður.

MAGNÚS

Ég vakna á hverri nóttu og kalla nafn þitt og ef ég gæti snúið til baka og breytt örlögum okkar á myndi ég gera það, sama hvað það kostaði mig.

ÞORVARÐUR

Nú muntu deyja fyrir illvirki þín Magnús.

*ÞORVARÐUR stingur sverði sínu í handlegg MAGNÚSAR. MAGNÚS missir sverð sitt. ÞORVARÐUR býst til þess að veita MAGNÚSI banahögg.*

MARGRÉT

Nei!

ÞORVARÐUR

Hvað þá? Á ég ekki að..

MARGRÉT

Nei Þorvarður. Þyrndu honum!

KATRÍN

Ekki drepa hann. Gefðu honum grið.

ÞORVARÐUR

En hefndin? Við höfum farið langa leið til að leita hefnda.

MARGRÉT

Elskarðu mig Þorvarður?

ÞORVARÐUR

Meira en lífið í brjósti mér.

MARGRÉT

Við skulum láta ástina binda okkur saman en ekki hefndina. Við skulum ekki innsigla hana með meira blóði.

ÞORVARÐUR

Elskarðu mig þá?

MARGRÉT

Auðvitað elsku fíflað mitt. Frá því ég sá þig fyrst.

ÞYBBINN

Rúsínugrauturinn minn!

MÖGUR

Kjötbollan mín!

ÞYBBINN

Elsku kleinan mín!

MÖGUR

Lifrarpylsan mín.

ÞYBBINN

Viltu giftast mér Mögur?

MÖGUR

Elsku grjónapungurinn minn! Eins oft og þú vilt.

MAGNÚS

Viltu fyrirgefa mér Margrét?

MARGRÉT

Það er ekki létt fyrir mig en ég geri það samt. Ég fyrirgef þér Magnús allt sem þú hefur gert mér.

GUÐRÚN

Ég elska sögur sem enda vel.

ANNA

Brúðkaup eru besti endirinn.

WALTER

Ekki er allt búið enn. Það eru fleiri sem eiga sökótt við þennan mann.

HANS

Hver ert þú? Hvaða hlutverk hefur þú í þessum grímuleik?

WALTER

Ég er Walter Salham og er enskur útgerðarmaður. Ég ákæri þennan mann fyrir að hafa rænt skipi mínu Margaret of Lynn við Íslandsstrendur og flúið á því er Íslendingar vildu drepa hann fyrir illvirki hans. Ég er hingað kominn til að endurheimta skip mitt.

KATRÍN

Er þetta rétt?

MAGNÚS

Ætli það ekki.

WALTER

Hvar er skipið núna?

MAGNÚS

Ég seldi það.

WALTER

Skilaðu þá peningunum sem þú fékkst fyrir það.

MAGNÚS

Það get ég ekki.

WALTER

Hversvegna ekki?

MAGNÚS

Ég keypti krána fyrir þá.

WALTER

Þá er þessi krá mín og þú minn góði herra verður hengdur fyrir sjórán.



MÖGUR (*syngur*)  
Lífið sjálft er líkast skreytni

ÞYBBINN (*syngur*)  
og lygasögu þar sem það fer

ANNA og GUÐRÚN (*syngja*)  
Lítið gagn var af göfgri breytni  
því gálgann prýðir hann hvort sem er

VIGDÍS  
Stopp! Hættið. Það er ekki hægt að hengja svona myndarlegan mann.

ANNA  
Það er þó rétt. Það væri mikil sóun.

VIGDÍS  
Hvað þarf að gera til hann sleppi?

WALTER  
Það þarf að bæta mér skipið.

VIGDÍS  
Þú sagðist ætla að launa mér frelsið Þorvarður. Ég vil fá þessa krá.  
*Bendir á Magnús*  
Og hann getur fylgt með.

ÞORVARÐUR  
Ég stend við það sem ég lofa. En ertu alveg viss um að þetta sé það sem þú vilt?

VIGDÍS  
Hafðu ekki áhyggjur af mér. Ég skal gera mann úr honum.

HANS  
Guði sé lof. Ein ölselja kemur í annarar stað.

WALTER  
En þú ætlaðir að giftast mér.

VIGDÍS  
Þú hefur efni á að kaupa þér aðra konu. Ég hins vegar hef ákveðið að láta stjórnast af girnd.

WALTER *bendir á Guðrúnu*  
Þá tek ég hana.

GUÐRÚN  
Bara ef ég þarf ekki bera þér öl.

ANNA

Þrefalt brúðkaup, en dásamlegt. Hans, dansaðu við mig.

HANS

Ég er að koma.

ANNA

Getur þetta orðið betra?

JÓN kemur upp úr pokanum

Maður veit aldrei.

*JÓN dansar við KATRÍNU í lokasöng*

## 21. LOKASÖNGUR

ÞYBBINN og MÖGUR (*syngja*)

Lífið sjálft er laust við reglu

MAGNÚS (*syngur*)

og leikur mann oft á tíðum grátt

HANS och WALTER (*syngja*)

að slást við það ekki hent er heiglum

KATRÍN, ANNA och GUÐRÚN (*syngja*)

og hetj' er hver sem nær við það sátt

KARLAR (*syngja*)

Það stoðar lítið að grát' og góla

og gefast upp hér á lífsins braut

KONUR (*syngja*)

Því meðfram henni vex fögur fjóla

sem færir huggun í hverri þraut

ALLIR (*syngja*)

Lífið sjálft er líkast skreytni

og lygasögu sem hér má sjá

og engu skiptir þá okkar breytni

er einhver byrjar að segja frá

## TJALDIÐ